

VerkTækni golfmótið 2010

Haldið á Strandarvelli við Hellu föstudaginn 6. ágúst

Hið árlega golfeinvígi verkfræðinga og tæknifræðinga fer fram föstudaginn 6. ágúst 2010.

Dagskrá - í grófum dráttum

- 11:00 Mæting á golfvöllinn
- 12:00 Ræsing á öllum teigum
- 17:00 Kvöldverður og verðlaunaafhending í golfskálanum að Strönd

Athugið að boðið verður uppá rútuferð frá Verkfræðingahúsi, Engjateigi 9, kl. 9:00., gegn vægu gjaldi eða kr. 1000.- á mann.

Staðsetning og fyrirkomulag

Verk-Tækni Opið verður nú haldið í fjórtánda skipti og fer að þessu sinni fram á **golfvöllinum á Hellu, Strandarvelli, föstudaginn 6. ágúst**. Mótið er fyrir félagsmenn VFÍ og TFÍ, maka þeirra og gesti.

Keppt er í sveitakeppni á milli verkfræðinga og tæknifræðinga þar sem 5. bestu skor telja án forgjafar. Einnig er keppt í eftirtöldum flokkum einstaklinga:

Félagsmenn VFÍ og TFÍ

1. Besta skor án forgjafar, veitt eru verðlaun fyrir efsta sæti.
2. Punktakeppni með fullri forgjöf, veitt eru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin.

Gesta- og makakeppni

1. Besta skor án forgjafar, veitt eru verðlaun fyrir efsta sæti.
2. Punktakeppni með fullri forgjöf, veitt eru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin.

Tilkynnt verður um önnur verðlaun á staðnum, til dæmis nándarverðlaun o.þ.h.

Skráning

Skráning fer fram á **golf.is**. Netskráning er fyrst og fremst ætluð til að fá þáttökulista og er uppgefin tímaskráning ekki í gildi og einungis til að raða í holl. Mótsstjórn mun endurraða í holl telji hún þörf á því, en ræst verður út samtímis á öllum teigum. Einnig er hægt að skrá sig á skrifstofu félaganna: skrifstofa@verktaekni.is. Lokadagur skráningar er **30. júlí**. Þátttökugjald er kr. 4.500.- og greiðist það á golfvöllinum.

Nánari upplýsingar

Athugið að skrifstofa VFÍ og TFÍ er lokuð í júlímánuði. Upplýsingar um mótið verða uppfærðar eftir því sem við á á vefsíðum félaganna. Einnig má nálgast upplýsingar hjá mótsnefnd en hana skipa: Bergsteinn Hjörleifsson (bh@skeljungur.is), Guðmundur Pálmi Kristinsson (guðmundur.palmi.kristinsson@reykjavik.is), Helga Friðriksdóttir (helgaf@landsbankli.is) og Ingvi Árnason (ingvi.arnason@vegagerdin.is)

Takið daginn frá strax og skráið ykkur sem fyrst á þetta skemmtilega mót.